

**A 1694/välfärd**

Flytjandi:  
Flokkahópur vinstri sósíalista  
og grænna

Afgreiðsla:  
Norræna velferðarnefndin

Málsnúmer 16-00280-1

## Þingmannatillaga um að efla norrænt samstarf um að standa vörð um flóttafólk og hælisréttinn

### Tillaga

Flokkahópur vinstri sósíalista og grænna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að norrænu löndin vinni saman að því að standa vörð um hælis-  
réttinn og finna sameiginlega lausn á móttöku flóttafólks;

að norrænu löndin vinni að afnámi landamæraeftirlits innan  
Norðurlanda og standi vörð um norræna vegabréfafrelsið;

að norrænu löndin komi á norrænu samstarfi um fólksflutninga og  
aðlögunarmál með reglulegum fundum á ráðherrastigi;

að norrænu löndin kanni hvernig bæta megi móttöku flóttafólks og  
tryggja hælisréttinn í samstarfi við SP;

að norrænu löndin starfi saman að því að greiða fyrir sameiningu  
fjölskyldna á Norðurlöndum;

að norrænu löndin vinni saman að endurskoðun Dyflinnar-  
reglugerðarinnar.

### Forsaga

Straumur flóttafólks hefur gefið norrænu löndunum tilefni til þess að keppast um að herða sem mest á stefnu í málefnum hælisleitenda. Í stað þess að bregðast við með samstarfi um móttöku flóttafólks örlar á þjóðernislegri eigingirni. Einir merkustu áfangar norrænnar samvinnu, frjáls för og vegabréfafrelsi innan Norðurlanda, eru nú í hættu. Skortur á samstarfi landanna verður enn áþreifanlegri þegar hægri öfgaflokkar eiga sæti í norrænum ríkisstjórnnum og hafa áhrif á stefnu landa sinna. Stefna þeirra sem gengur út á að loka landamærum skerðir ekki aðeins hælis-  
réttinn heldur laskar hún norrænt samstarf. Vinstriflokkarnir í norrænu

löndunum vilja að löndin bregðist sameiginlega við vanda flóttafólks og bjargi norræna vegabréfasambandinu.

Við erum vitni að því hvernig norrænu löndin torvelda fólki vísvitandi að nýta rétt sinn á að sækja um hæli. Þróunin er hættuleg og stofnar hæliseréttinum og mannréttindum í voða.

Þannig er ekki hægt að starfa. Ástandið í málefnum flóttafólks í heiminum kallar á samstarf. Samstarf á ýmsum stigum – á Norðurlöndum, í Evrópu og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna – allt eftir pólitískum forsendum hverju sinni. Núna þegar reynir mikið á stefnu Evrópusambandsins er afar brýnt að norrænu löndin taki höndum saman. Við viljum að ríkisstjórnir Norðurlanda fundi tafarlaust og ræði hvernig við getum brugðist sameiginlega við ástandinu.

Standa verður vörð um hæliserétt flóttafólks í því landi sem það er statt. Jafnframt verðum við að auka sameiginlega ábyrgð landanna og ákveða hvernig við skiptum með okkur þeim fjölda fólks sem þarfnast verndar. Umræður norrænu landanna gætu fjallað um hvaða lágmarkskröfur skuli gerðar til þess hvernig tekið er á móti fólki sem leitar hingað. Það geta verið reglur eða hagnýtt samstarf um sameiningu fjölskyldna. Koma má í veg fyrir kapphlaup niður á botn um leið og löndin sýna meira örlæti og setja mannúðlegri reglur. Við viljum kanna hvernig hægt er að greiða fyrir fjölskyldusameiningu með samræmingu og samstarfi norrænna sendiráða annars staðar í heiminum.

Í stað þess að beita flóttafólk þrýstingi ættu norrænu löndin að þrýsta Evrópusambandinu til að bregðast við ástandinu. Dyflinnarreglugerðin virkar ekki og í stað hennar þarf kerfi sem tryggja réttindi hælisleitenda og sanngjarna skiptingu ábyrgðar milli móttökulanda. Reglur um meðferð hælissóknna í fyrsta komulandi ber að afnema því þær valda ósanngjörnu álagi á ákveðin lönd. Sameiningu fjölskyldna verður að setja í forgang og þær þurfa að ganga lipurt fyrir sig.

Lausnin getur ekki falist í að sitja hjá meðan stórar flóttamannabúðir myndast á Grikklandi, Ítalíu og Makedóníu. Lausnin felst heldur ekki í að nota Tyrki sem landamæralögreglu Evrópusambandsins og launa þeim með því að líta fram hjá pólitískum ofsóknum þar í landi.

Evrópa þarf nýtt samkomulag sem byggir á réttlátum grundvallarreglum um hvernig við skiptum með okkur verkum við lausn á knýjandi verkefni. Evrópulöndin verða að deila með sér ábyrgð á flóttafólki. Eins mörg Evrópulönd og hægt er verða að standa saman að sanngjarnri dreifingu flóttafólks.

Því miður bendir margt til þess að ESB megni ekki að standa saman að raunhæfri lausn mála. Því erum við reiðubúin að taka frumkvæði í bandalagi landa sem sýna vilja til að vera í fararbroddi og skapa sjálfbæra lausn.

Þriðji möguleikinn er sá að Sameinuðu þjóðirnar gegni stærra hlutverki við þessar aðstæður. Við erum reiðubúin að fela Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna stærra hlutverk við skiptingu flóttafólks á milli Evrópulanda eins og gert hefur verið áður.

Frjáls för á Norðurlöndum er sögulegur vitnisburður um árangur sem hefur hleypt þrótti í lönd okkar. Vegabréfafrelsið, sem ríkt hefur frá 6. áratug síðustu aldar, hefur dýpkað og eftir norræna samkennd. Samstaðan þarf að vera skýr um að forðast landamæraeftirlit milli norrænu landanna og að eftirlitið megi aldrei vera annað en tímabundið.

Hert landamæraeftirlit og kröfur um að fyrirtæki sem reka áætlunarbifreiðar, lestar og ferjur sjái um skilríkjaeftirlit skapar hættu á að flótta-

Norðurlandaráð

**A 1694/välfärd**

Flytjandi:  
Flokkahópur vinstri sósíalista  
og grænna

Afgreiðsla:  
Norræna velferðarnefndin

Málsnúmer 16-00280-1

fólki reynist afar erfitt að komast til Norðurlanda. Í örvæntingu sinni leitar fólk að hættulegri flóttaleiðum og smygl á fólk eykst að sama skapi. Þannig tókum við þátt í keðjuverkandi lokun landamæra í Evrópu. Við þurfum aukið samstarf norrænu landanna um að finna sameiginlegar lausnir og standa vörð um hælisréttinn. Við erum fylgjandi því að reglur gildi í innflytjendastefnu en við viljum ekki að eftirliti með landamærum og skilríkjum og kröfum um vegabréfsáritun verði beitt til að skerða hælisréttinn.

Fólk sem kemur til Norðurlanda á að njóta sömu réttinda og kjara og annað launafólk á vinnumarkaði. Ákvörðun fyrirtækis um að segja upp fólk eða ráða fólk má aldrei ráða úrslitum um hvort einstaklingi er veitt hæli. Við viljum ekki veikja vinnurétt flóttafólks og skapa B-riðil á vinnumarkaði. Þess í stað viljum við nýta starfsþekkingu flóttafólks og fjárfesta í menntun þess og tungumálakunnáttu.

Vinumarkaður Norðurlanda er greinilega samhangandi heild. Því verðum við að sporna við félagslegum undirboðum og misneytingu á vinnumarkaði.

Við verðum að nýta þau tækifæri sem gefast, einkum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, um að skapa pólitíska lausn á deilunni í Sýrlandi. Norrænu löndin verða að beita sér sameiginlega fyrir virku samninga- og friðarferli. Við viljum að norrænu löndin sameinist um að auka norræna þróunaraðstoð til lengri tíma til Sýrlands og grannlandanna. Aðstoðin á að felast í hjálparstarfi en einnig aðgerðum til lengri tíma litið, til dæmis menntun barna. Við viljum að auðugustu lönd heims standi að nýrri Marshallaðstoð þegar friður kemst á til uppbyggingar á stríðshrjáðu landi. Þá er þörf á viðamikilli aðstoð til uppbyggingar á lýðræðislegum stofnunum og innviðum.

Á meðan neyðarástand ríkir er einnig þörf á björgunaraðgerðum í Evrópu. Við viljum að norrænu löndin sameinist um að auka björgunaraðgerðir á Miðjarðarhafi og stuðla að því að Evrópulöndin hefji sameiginlegt björgunarstarf á Miðjarðarhafi.

Ríkisstjórnir Norðurlanda verða að funda tafarlaust til að leysa þau viðfangsefni sem við stöndum frammi fyrir. Vinstriflokkarnir á Norðurlöndum standa að tillögu um að standa vörð um hælisréttinn og norrænt samstarf. Við krefjumst þess að ríkisstjórnir landanna axli ábyrgð á ástandinu og leiti sameiginlegra lausna.

Kaupmannahöfn, 13. október 2016

*Christian Juhl (EL)*

*Christian Poll (ALT)*

*Håkan Svenneling (V)*

*Iddimangiu Bianco (IA)*

*Paavo Arhinmäki (vänst)*

*Steingrímur J. Sigfússon (VG)*

*Torgeir Knag Fylkesnes (sv)*

Norðurlandaráð

## **A 1694/välfärd**

Flytjandi:

Flokkahópur vinstri sósíalista

og grænna

Afgreiðsla:

Norræna velferðarnefndin

Málsnúmer 16-00280-1